

102. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 28. Febrúar, 2019 kl. 10:00 á skrifstofu Byggðasafns Vestfjarða.

Viðstaddir eru: Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar. Einnig er viðstödd Helga Þórsdóttir, starfandi forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða. Rætt var við Pétur G. Markan sveitastjóra Súðavíkurhrepps í síma og fól hann viðstöddum stjórnarmönnum umboð sitt.

1. Tímabundin ráðning í stöðu safnvarðar 2019.

Finney Rakel Árnadóttir, mun sinna starfi safnvarðar frá maí fram til 1 september, 2019 eða jafn lengi og starfandi forstöðumaður er með starfssamning við Byggðasafn Vestfjarða. Finney er að ljúka MA prófi í safnafræði og telur Helga Þórsdóttir safnið mjög lánssamt að fá hana til liðs við safnið. Stjórnarmenn gerðu ekki athugasemd við tímabundna ráðningu Finneyjar, þar sem hún rúmast innan samþykktar launaáætlunar.

2. Fjárhagsáætlun 2019 undirrituð.

Fjárhagsáætlun 2019 var samþykkt og undirrituð af öllum stjórnarmönnum Byggðasafns Vestfjarða.

3. Breytingar á starfsemi vélsmiðju GJS á Þingeyri kynntar, nú þegar styrkur frá uppbyggingasjóði liggur fyrir.

Byggðasafn Vestfjarða ætlar að leiga íbúðahúsnæði á Þingeyri, í þeim tilgangi að koma á stað vinnustofum fyrir lista og handverksfólk innan ramma Vélsmiðju GJS. Listamennirnir munu taka á móti gestum sem heimsækja safnið á Þingeyri á sama tíma og þeir starfa að list sinni. Helga Þórsdóttir hefur einnig ráðið Daníel Kristjánsson eldsmið sem umsjónamann Vélsmiðju GJS í 20% sem tímabundna ráðningu. Daníel mun sjá um að kenna á vélarnar, hafa umsjón með húsakynnum vélsmiðjunnar, ásamt því að kynna sögu staðarins fyrir listamönnum.

4. Málefni Slippsins sem er í eigu Ísafjarðarbæjar og í vörslu Byggðasafns Vestfjarða.

Ekki fór fram mikil umræða um þennan lið, þar sem Ísafjarðarbær hefur ekki tekið afstöðu til slippsins. Starfandi forstöðumaður hefur talsverðar áhyggjur að ástandi hans og framtíðarfyrirkomulægi.

5. Önnur mál.

Helga Þórsdóttir leggur fram Árskýrslu Byggðasafns Vestfjarða vegna ársins 2018.

Í þessum lið var einnig tekin fyrir beðni frá Jóni Sigurpálssyni og Birni Erlingssyni, vegna Maríu Júlíu:

„Stjórn Byggðasafns Vestfjarða

Umtalsverð vinnu hefur farið fram um afdrif björgunarskútunnar Maríu Júlíu um áratuga skeið. Eins og þekkt er þá er skipið í eigu áhugafélags með sína kennitölu. Félagið er opið en í dag eingöngu í eigu safnsins að Hnjóti við Patreksfjörð og Byggðasafns Vestfjarða. Örlögin háttuðu því þannig að allur vinnubungi félagsins og verkefnisins í heild lagðist eingöngu á Byggðasafn Vestfjarða og bendir ekkert til að þar verði breyting á. Áhugafélagið hefur notið opinbera styrkja í gegnum árin sem eru rúmar 20 milljónir króna og skipið undir ákvæði laga um friðlýsingu. Vinna fyrir félagið var liður í vinni fyrrverandi forstöðumanns Byggðasafns Vestfjarða og var því sinnt eins og kostur var. Verkefnið er stórt í sniðum og ljóst að meira þarf til en minjasöfn almennt geta tekið að sér. Hafist var handa að finna þessu annan farveg og er sú vinna í fullum gangi þessi misserin. Undirritaður fyrrverandi forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða fékk til liðs við sig Björn Erlingsson hafeðlisfræðing fyrir nokkrum árum og hafa þeir unnið saman að greiningu á verkefninu. Nú er svo komið að þessir aðilar eru umboðslausir í vinnu sinni fyrir málefnið og óska eftir að fá formlega heimild stjórnar um frekari vinnu málefninu til handa. Þess skal tekið fram að ekki er reiknað með borgun fyrir þá vinnu en ef til kostnaðar kemur þá er reiknað með að fyrir það verði greitt. Þess skal getið í lokin að hópur áhugafólks hefur myndast um verkefnið og vonandi ekki langt að bíða að ítarleg skýrsla um afrakstur vinnunnar líti dagsins ljós.“

Beðni til að veita Jóni Sigurpálssyni og Birni Erlingssyni umboð stjórnar var samþykkt.

6. Auglýsing forstöðumanns Byggðasafns Vestfjarða.

Stjórn Byggðasafns Vestfjarða ákvað að koma sérstaklega saman til að ræða þennan lið.

Helga Þórsdóttir, skrifaði og sendir fundagerð út til umsagnar.